

111

*Athugasemdir:*

Landsbankinn átti 30. septbr. 1895

|   |          |              |
|---|----------|--------------|
| 1. Skuldabrjef fyrir lánum:   |          |              |
| a. Fasteignarveðskuldabrjef . . . . .   | 745,222  | 09           |
| b. Sjálfsskuldarábyrgðarskuldabrjef . . . . .   | 200,065  | 49           |
| c. Handveðslán . . . . .  | 61,504   | 52           |
| d. Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga o. fl. . . . .   | 32,630   | 21           |
| e. Skuldabrjef fyrir accreditivláni . . . . .   | 350      | 00           |
|   |          | 1,039,772 31 |
| 2. kgl. ríkisskuldabrjef og önnur erlend verðbrjef, hljóðandi upp á samtals 356,600 kr. eptir gangverði 31. desbr. 1894 . . . . . |          | 360,166 00   |
| 3. Skuldabrjef Reykjavíkurkaupstaðar . . . . .  |          | 1,400 00     |
| 4. Óinnleysta víxla . . . . .   |          | 197,747 46   |
| 5. Óinnleystar ávísanir . . . . .   |          | 3,660 00     |
| 6. Fasteignir lagðar bankanum út fyrir lánum . . . . .  |          | 2,500 00     |
| 7. Hjá Landmandsbankanum . . . . .  |          | 65,206 63    |
| 8. Í sjóði . . . . .  |          | 42,643 67    |
|   | Samtals: | 1,713,096 07 |

|   |          |              |
|---|----------|--------------|
| Seðlaskuld bankans til landssjóðs var 30. sept. þ. á. . . . . | 500,000  | 00           |
| Skuld út af bráðabirgðaláni . . . . .                         | 40,000   | 00           |
| Innstæðufje á hlaupareikning s. d. . . . .                    | 142,920  | 37           |
| Innstæðufje með sparissjóðskjörum s. d. . . . .               | 829,438  | 96           |
| Varasjóður sparissjóðs Reykjavíkur s. d. . . . .              | 12,732   | 80           |
| Varasjóður bankans 31. desbr. 1894 . . . . .                  | 141,104  | 90           |
| Innheimt fje fyrir aðra óútborgað . . . . .                   | 5,085    | 42           |
| Ýmsar tekjur sem enn eru eigi lagðar við varasjóð . . . . .   | 41,813   | 62           |
|   | Samtals: | 1,713,096 07 |

Landsbankinn, Reykjavík 24. oktbr. 1895.

*Tryggvi Gunnarsson. B. Kristjánsson. Eivíkur Briem.*112  
9. sept.

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skaðabætur fyrir bið far-  
pega á viðkomustöðum strandferðaskips.** — Út af erindi því, er þjer, herra lands-  
höfðingi, senduð hingað með þóknanlegu brjefi, dags. 19. júní þ. á. þar sem far-  
þegar með póstskipinu »Thyra« á 2. ferð þess þ. á., sem á ýmsum viðkomustöð-  
um þess á Íslandi hafa orðið að biða eptir komu þess fram yfir þann dag, sem  
tiltekinn er í ferðaáætluninni, fara þess á leit, að þeim sje hjálpað til að ná  
skaðabótum hjá hinu sameinaða gufuskípaþjelagi fyrir tjón það, er þeir hafi beð-  
ið af þessu, skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leið-  
beiningar og birtingar fyrir hlutadeigendum, að ráðaneytið sjer sjer ekki fært,  
eptir samningi þeim, sem gjörður hefur verið við fjelag þetta um strandferðirnar  
við Ísland, að koma fram af hálfu hins opinbera neinni ábyrgð móti fjelaginu út  
af töfum þeim, sem hjer er um að ræða, og að álíta verður, að hlutadeigendur  
sjálfir geti heldur ekki fengið framgengt kröfu um, að fjelagið bæti þeim þann halla,  
er þeir telja sig hafa orðið fyrir. Ef þeir samt sem áður vilja reyna að fram-  
fylgja slíkri kröfu, verða þeir sjálfir að leita úrskurðar dómstólanna.